

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit sáttar.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður Thoroddsen lögfr. v/Ásgeirs Thoroddsens hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 20.000,- með vöxtum pr. 16.7. '85 kr. 5.850,- til greiðsludags, kr. 1.900,- f/gerðarbeiðni og mót, kr. 5.830,- í málskostnað skv. galdskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Guðmundur Sigurjónss. að tilhlutan fógeta.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola bifv. G-21998 teg. Datsun árg. 1977.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta sem er ólög-lærður og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola um gerðina og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 315/1986. **Ævar Einarsson**

gegn

**Axel Ström Óskarssyni.**

Kærumál. Úrskurður um vitnaskyldu úr gildi felldur. Vitnamáli vísað frá héraðsdómi.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f.m. Hann krefst þess, „að úrskurðað verði að vitnunum Helen

Hauksdóttur og Svanhildi Guðmundsdóttur sé óskylt að gefa skýrslu í málinu.“ Þá krefst hann kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn kærða úrskurð hefur Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari kveðið upp á aukadómþingi Kjósarsýslu hinn 26. nóvember 1986. Úrskurðurinn er án forsendna, en við uppkvaðningu færði héraðsdómari til bókar:

„Fyrir er tekið: Vitnamálið nr. 1655/1986 Axel Ström Óskarsson gegn Ævari Einarssyni.

Þann 24. nóvember sl. fór fram munnlegur málflutningur um kröfu aðila um hvort vitnunum Svanhildi Guðmundsdóttur og Helenu Hauksdóttur væri skylt eða ekki skylt að bera vitni í málinu sbr. 4. t. l. mgr. 125. gr. l. nr. 85/1936, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Vitnunum Helenu Hauksdóttur og Svanhildi Guðmundsdóttur er skylt að bera vitni í máli þessu.

Málskostnaðarákvörðun vegna þessa þáttar málsins bíði endanlegs dóms í Hæstaréttarmálinu nr. 256/1985.“

Atvik málsins eru þau, að varnaraðili undirgekkst dómsátt á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 31. janúar 1985. Sóknaraðili gerði hinn 21. ágúst 1985 fjárnám hjá varnaraðila samkvæmt dómsáttinni. Varnaraðili áfrýjaði fjárnáminu með stefnu 20. nóvember 1985, mál nr. 256/1985 í Hæstarétti. Hinn 1. október 1986 var af hálfu beggja aðila lýst yfir því að málið nr. 256/1985 væri tilbúið til flutnings. Er málið nr. 256/1985 skyldi munnlega flutt 2. þ.m. óskaði varnaraðili (áfrýjandi) eftir fresti um ótiltekinn tíma til þess að ljúka vitnamáli því, sem nú er til úrlausnar, en vitnamálið hafði varnaraðili (áfrýjandi) þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 21. nóvember sl. Gagnaðili mótmælti frestbeiðni þessari og með dómi Hæstaréttar 4. þ.m. var synjað um hinn umbeðna frest. Efnisdómur var svo lagður á mál nr. 256/1985 í Hæstarétti hinn 15. þ.m.

Með ofangreindum dómi Hæstaréttar hinn 15. þ.m. var hin áfrýj-

aða fjárnámsgerð frá 21. ágúst 1985 staðfest. Með þessum dómi Hæstaréttar er því grundvöllur fyrir framgangi vitnamálsins niður fallinn. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa vitnamálinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er vitnamálinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 316/1986. **Örn Höskuldsson**  
 gegn  
**Axel Ström Óskarssyni**

Kærumál. Úrskurður um vitnaskyldu úr gildi felldur. Vitnamáli vísað frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f.m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.